




















*Prestur: sr. Heiðrún Helga Bjarnadóttir Back*
*Organisti: Friðrik Vignir Stefánsson*
*Söngur: Tindatríó - Atli Guðlaugsson,*
*Bjarni Atlason og Guðlaugur Atlason*
*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

***Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness***

***Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni***

*Litróf umhverfisvæn prentsmiðja*

# *Gígja Garðarsdóttir*

*Fædd 18. september 1944*
*Dáin 12. september 2023*



*Útför frá Akraneskirkju*
*föstudaginn 22. september 2023*

## Forspil
*Gabriels Oboe*
*Ennio Morricone*

## Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.
*Adams - Matthías Jochumsson*

## Ritningarorð

## Söngur
*Íslenska konan*
*Billy Joel - Ómar Ragnarsson*

## Ritningarorð

## Söngur
*Kveðja*
*Bubbi Morthens*

## Guðspjall

Hugur leitar heim til þín,
hlýja, bjarta sveitin mín.
Bláu fjöllin brött og há,
berst mitt hjarta af þrá.

Allt er fagurt, undurfrítt,
elskulegt og blómum prýtt.
Hátt til lofts, til veggja vítt,
vötn og skógarlönd.

Bjart er þá um Bjarkalund,
blessuð sólin skín á grund.
Ljósið vekur líf og önd
við lofum Barðaströnd.

Bjart er þá um Bjarkalund,
blessuð sólin skín á grund.
Ljósið vekur líf og önd,
við lofum Barðaströnd.
*Jenni Jónsson*

## Minningarorð

Í gleði sem harmi
þá ber ég í barmi
það blómið sem gafst þú mér,
þá saman við undum
á síðasta fundi
er sigldi ég burt frá þér.

Það aldrei mun dvína
en ætíð mun skína
í ævinnar rósasveig,
því blómið þitt bjarta
af blóði míns hjarta
bergir ódáinsveig.
*Ásta Sveinsdóttir -*
*Garðar Halldórsson*

## Bæn / Faðir vor

Heyr mína bæn, mildasti blær.
Berðu kveðju mína’ yfir höf.
Syngdu honum saknaðarljóð.
Vanga hans blítt vermir þú sól
vörum mjúkum, kysstu hans brá.
Ástarorð hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval
flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd.
Blítt þú vaggar honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá
daga langa saman tvö ein.
Heyr mína bænir og þrár.

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval
flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd.
Blítt þú vaggar honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá
daga langa saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrár.
*Erlent lag - Ólafur Gaukur Þórhallsson*

## Moldun

*Almennur söngur*

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.
*Foersom / Sveinbjörn Egilsson -*
*P.C. Krossing 1820*

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.
*Matthías Jochumsson -*
*P.C. Krossing 1820*

## Blessun

## Eftirspil
*Fram í heiðanna ró*
*Erlent lag - Friðrik A. Friðriksson*